



STJÓRN SSH 429. fundur

Mánudaginn 2. maí 2016, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Haraldur Líndal Haraldsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir.
Forföll: Gunnar Einarsson og Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

1. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins – nýr samstarfssamningur /1501005
Ómar Einarsson forstöðumaður ÍTR sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum lágu drög að nýjum samstarfssamningi um rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, en núgildandi samningur rennur út um nk. áramót.

Ómar Einarsson fór yfir sammingsdrögin.

Umræður.

Bent var á að skoða þarf fyrirkomulag á fjárfestingaáætlun, Kópavogur telur sig þurfa að hafa stjórnsýslulega tengingu við reksturinn o.fl.

Niðurstaða:

Samþykkt að taka samkomulagið til frekari skoðunar í ljósi umræðna á fundinum og að hann komi til efnislegrar umræðu á næsta stjórnarfundum.

2. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk /1501012

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Unnur V. Ingólfssdóttir, formaður samráðshóps félagsmálastjóra og Reynir Kristinsson, ráðgjafi.

Farið var yfir vinnu við að bæta úr ágöllum í samræmi við samþykkt frá stjórnarfundum SSH þann 7. desember 2015.

Fyrir fundinum lágu eftirtalin skjöl:

- a) Tillaga að erindisbréfi fyrir samráðsvettvang forstöðumanna velferðarsviða /félagsmálastjóra sbr. 4. grein sammings um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.
- b) Erindisbréf fyrir þjónustuhóp ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.
- c) Endurskoðuð þjónustulýsing og sameiginlegar reglur ferðaþjónustunnar eftir samráðsfundi með hagsmunaaðilum.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að erindisbréfum, en frestar afgreiðslu á sameiginlegum reglum og þjónustulýsingu.

3. Samgöngumál

Eftirfarandi var til umfjöllunar undir þessum dagskrárlið:

- a) Átak í viðhaldi og endurnýjun á gatnakerfinu – samningur SSH og Vegagerðarinnar. /1603001

Farið yfir stöðu vegna umfjöllunar hjá sveitarfélögunum.



Niðurstaða:

Ákveðið að þau sveitarfélög sem hafa nú þegar samþykkt samningsdrögin undirriti þau ásamt Vegagerðinni, önnur sveitarfélög komi þá í kjölfarið.

- b) Verk-, tíma- og kostnaðaráætlun vegna úrvinnslu á samningi SSH og Vegagerðarinnar um þróun samgöngumannvirkja. /1510005

Umræður

Niðurstaða:

Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu, fjármagna verkefnið með fjármunum úr sóknaráætlun og gera enn fremur tillögu fyrir gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaganna fyrir árið 2017 ef þörf krefur.

- c) Fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2019.

Formaður upplýsti um fund hans og framkvæmdastjóra með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis 27. apríl sl.

- d) Samningur vegna hraðlestar – staða afgreiðslu sveitarfélaganna. /1512003

- e) Borgarlínan, næstu skref í framhaldi af ákvörðun um legu línunnar í skipulagi sveitarfélaganna. /1510007

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að boða sem fyrst sameiginleg málþing á vegum Reykjavíkurborgar og SSH til kynningar fyrir kjörna sveitarstjórnarmenn um bæði d) og e) lið. Framkvæmdastjóra og svæðisskipulagsstjóra falið að vinna að undirbúningi máls.

4. **Sala á vatni til útflutnings úr neysluvatnsforða innan vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins** /1505001

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar vakti máls á þörf á samræmdri stefnu varðandi mögulegrar sölu á vatni til útflutnings úr sameiginlegum vatnsforða sveitarfélaganna innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að vísa málinu til umfjöllunar samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu.

5. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Erindi vegna mögulegra breytinga á heilbrigðisumdæmum.**

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að taka saman upplýsingar um stöðu máls, m.a. með hliðsjón af vinnu verkefnahóps sem settur var á laggirnar 2011.

6. **Fjölsmiðjan – viðaukasamningur – framlenging á gildistíma núverandi þjónustusamnings.** /1501007

Vegna dráttar á niðurstöðu í viðræðum Fjölsmiðjunnar og menntamálaráðuneytis um nemagreiðslur hefur ekki verið unnt að ljúka gerð nýs samstarfssamnings Fjölsmiðjunnar og aðildarsveitarfélaga SSH. Í ljósi þess var núverandi samningur framlengdur óbreyttur til nk. áramóta.

7. **Erindi Skógræktarfélags Reykjavíkur – beiðni um styrk vegna Esjustígs.** /1604010

Stjórn SSH sér sér ekki fært að verða við erindinu.